

# Stjórnarfundur FEB nr. 451

Stangarhyl 4, þriðjudaginn 22. september 2020 kl. 9:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir og Viðar Eggertsson aðalmenn; og varamennirnir Finnur Birgisson sem ritaði fundargerð, Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Ólafur Örn Ingólfsson og Róber Þ. Bender aðalmenn.

## Dagskrá:

### 1. Skipun kjaranefndar FEB

Áskilið er að tveir nefndarmenn af fimm skuli vera aðalmenn í stjórn, sbr bókun á síðasta fundi, og urðu Ingibjörg S og Sigurbjörg sjálfkjörnar í þau sæti. Kosið var á milli fjögurra sem voru í framboði í hin þrjú sætin og voru kosnir þeir Finnur B, Þorbjörn G og Haukur A.

### 2. Skipun kjaranefndar LEB

Samkvæmt ákvörðun stjórnar á síðasta fundi skulu tveir fulltrúar FEB í kjaranefnd LEB báðir koma úr hópi nefndarmanna í kjaranefnd FEB. Í atkvæðagreiðslu hlaut Þorbjörn flest atkvæði en Ingibjörg S og Sigurbjörg fengu jafnmörg atkvæði. Ingibjörg dró sig þá í hlé, þannig að fulltrúarnir eru Þorbjörn og Sigurbjörg.

### 3. Um auglýsingu á þjónustu við eldri borgara gegn gjaldi

Framhald umræðu um hvort félagið gæti haft milligöngu um að kynna fyrir félagsmönnum að einstakir stjórnarmenn geti tekið að sér ráðgjöf um hagsmunamál gegn gjaldi. Niðurstaðan var að þetta væri ekki við hæfi.

### 4. Afrakstur hópastarfs á vinnufundi 8. september

Dýrleif framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöður vinnuhópanna þriggja, sem fjölluðu um Hagsmuna- og réttindamál,  
Tómstundir og félagsstarf og  
Kynningar- og ferðamál.

### 5. Vegna byggingar Árskóga 1-3

Tilkynnt var að þann 10. september var skýrsla Deloitte um byggingarmálin kynnt fyrir stjórn húsfélags Árskóga 1-3 í samræmi við samþykkt aðalfundar FEB 2020.

### 6. Ný heimasíða FEB

Dýrleif framkvæmdastjóri kynnti útlit og efni nýrrar og breytrrar heimasíðu, sem hafði farið í loftið nokkrum dögum fyrr. Allar upplýsingar hafa verið yfirlarnar og nýja heimasíðan er nútímalegri og meira aðlaðandi en sú gamla, sem komin var til ára sinna.

### 7. Önnur mál

- Óskað var eftir því að haldin yrði sérstök kynning fyrir stjórnarmönnum á aðkomu félagsins fyrr og síðar að byggingu íbúða. Mörg í stjórn og varastjórn væru ný og nauðsynlegt að allir væru vel upplýstir um þessi mál.

- b) Ingibjörg formaður greindi frá viðræðum sem átt hafa sér stað milli formanna félaga eldri borgara á nærvæðinu og forystu LEB um myndun samráðshóps um hagsmunamál aldraðra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30

Ingibjörg Þórunn Óskarsdóttir  
Sigurðarjón Guðlaugsson  
Ingibjörg Óskarsdóttir

Konfínanse  
BORGSESSAN  
Timmur Þorgrímsson.